

Samningur um gestaaðild

Neðangreind samtök, fag- og stéttarfélög (félög) gera með sér samning um gestaaðild:

Í Danmörku: Jordbrugsakademikerne, Dansk Magisterforening

Í Finnlandi: Agronomiliitto, Loimu

Á Íslandi: Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)

Í Noregi: Naturviterne

Í Svíþjóð: Naturvetarna

1. gr. Markmið samningsins er að auðvelda félagsmönnum okkar að starfa eða stunda nám á hinum Norðurlöndunum og að þeir geti öðlast gestaaðild að tilsvarendi samtökum, stéttar- eða fagfélagi dvalarlandsins (gestgjafafélagi).
2. gr. Umsókn um gestaaðild skal félagsmaður senda gestgjafafélagi. Veita skal þær upplýsingar sem óskað er eftir af gestgjafafélaginu sem og áætlaða lengd dvalar.
3. gr. Gestgjafafélagið sendir tilkynningu um umsóknina til félags umsækjanda (heimafélags). Heimafélag skal staðfesta félagsaðild umsækjanda.
4. gr. Meðan á gestaaðild stendur skal félagsmaður áfram greiða aðildargjöld til síns heimafélags.
5. gr. Gestaaðildin er umsækjanda að kostnaðarlausu.
6. gr. Félagsmaður sem dvelur eða starfar í einhverju hinna Norðurlandanna skal eiga rétt á gestaaðild að félagi þess lands. Félagsmaður getur einungis haft gestaaðild að einu gestgjafafélagi í senn.
7. gr. Félagsmenn eiga rétt á sömu þjónustu og á sömu forsendum og aðrir félagsmenn gestafélagsins.
8. gr. Félagsmenn sem eru í doktorsnámi eiga rétt á sömu þjónustu og á sömu forsendum og aðrir doktorsnemar í félaginu.
9. gr. Gestaaðild veitir réttindi til aðildar að öllum samningum sem gestgjafafélagið gerir, hvort sem um er að ræða miðlæga eða staðbunda saminga. Aðildin veitir aðgang að öllum opnum félagsfundum og viðburðum sem gestgjafafélagið, eða undirfélög þess, stendur fyrir og skipuleggur. Gestaaðild veitir einnig þegar í stað aðgang að allri upplýsingagjöf frá gestgjafafélaginu (og undirfélögum þess) til félagsmanna sinna, sem og annarri þjónustu við félagsmenn, sem venjulegir félagsmenn njóta.
10. gr. Félagsmenn með gestaaðild geta tekið þátt í kosningum um sameiginlegar aðgerðir sem og þeim sameiginlegu aðgerðum sem gripið er til í kjölfar slíkra kosninga. Þeim er skylt að fara að lögum og reglum gestgjafafélagsins, sýna félaginu hollustu og að taka þátt í sameiginlegum aðgerðum, ef félagið ákveður slíkt. Gesturinn hefur sömu réttindi og skyldur og félagsmenn gestgjafafélagsins, einnig hvað varðar sameiginlegar aðgerðir félagsins og vinnustöðvanir.

11. gr. Lögfræðikostnaður vegna ágreiningsmála á vinnumarkaði skal falla á gestgjafafélagið, að því marki sem félagið tekur að öllu jöfnu á sig slíkan kostnað.
12. gr. Félagsmaður sem er námsmaður og dvelur eða starfar í einhverju hinna Norðurlandanna á rétt á gestaaðild sem námsmaður í félagi þess lands. Hann á rétt á sömu þjónustu og gestgjafafélagið veitir öðrum félagsmönnum sem eru námsmenn.
13. gr. Gestaaðild nær yfir þriggja ára tímabil. Eftir það er hægt að breyta gestaaðild í hefðbundna aðild að gestgjafafélaginu, ef félagsmaðurinn uppfyllir inntökuskilyrði félagsins.
- Gestaaðildinni lýkur þegar félagsmaður:
1. býr ekki lengur, vinnur eða er í námi í viðkomandi landi,
 2. segir sig úr eða er vísað úr gestgjafafélagi,
 3. stendur ekki skil á aðildargjaldi sínu,
 4. segir sig úr eða er vísað úr heimafélagi sínu,
 5. eða þegar gestaaðild hefur staðið í þrjú ár.
14. gr. Þegar félagsmaður býr ekki lengur, vinnur eða er í námi í viðkomandi dvalarlandi, sem og þegar og ef hann segir upp aðild eða gestaaðild að félagi, ber að tilkynna gestgjafafélaginu það.
15. gr. Gestgjafafélagið skal tilkynna heimafélagifélagsmannsins um lok aðildar. Heimafélagi ber að tilkynna gestgjafafélagi um lok aðildar félagsmannsins að heimafélaginu. Félögunum í báðum löndum ber að upplýsa hvort annað minnst árlega um það hverjir félagsmanna þeirra hafa gestaaðild.
16. gr. Félagsmaður, eða námsmaður með félagsaðild, sem leitar sér vinnu í einhverju hinna Norðurlandanna, skal hafa rétt á sömu stoðþjónustu við atvinnuleit og eigin félagsmenn gestgjafafélagsins, óháð gestaaðild.
17. gr. Ef fjöldi gesta í félaginu veldur óeðlilega miklum kostnaði tiltekins félags geta aðilar samningsins gert með sér samkomulag um uppbótargreiðslur.
18. gr. Vafatriði sem varða atvinnuleysis- og tekjutryggingar skal leysa utan ramma þessa samkomulags.
19. gr. Gera skal samninginn á öllum Norðurlandamálunum. Við túlkun og skýringar á samningnum skal sú útgáfa sem rituð er á tungumáli viðkomandi gestgjafafélags gilda.
20. gr. Samningur þessi gildir til og með loka ársins 2019, en framlengist um eitt almanaksár í senn, svo fremi sem ekkert aðildarfélaganna segir samningnum upp, minnst þremur mánuðum áður en yfirstandandi almanaksári lýkur. Önnur aðildarfélög verða áfram aðilar að samningnum.
21. gr. Uppsögn þessa samnings skal ekki snerta þá félagsmenn sem hafa hlotið gestaaðild samkvæmt gildandi samningi heldur mun aðild viðkomandi haldast í samræmi við ákvæði í 13. gr.

Stokkhólmi, Svíþjóð, 25 júní 2019.

Agronomiliitto




Ilmari Halinen
Puheenjohtaja

Dansk Magisterforening



Camilla Gregersen
Formand

FÍN



Marianna H. Helgadóttir
President

Jordbrugsakademikerne



Hans-Henrik Jørgensen
Formand

Loimu



Helena Hertzainen
Puheenjohtaja

Naturvetarna



Erik Petré
Forbundsformand

Naturviterne



Dagfinn Hatløy
Forbundsformand